

2010

Heimasíða útikennslu

<http://www.flat8.co.uk/langholtskoli/utikennsla>



Sprotasjóður Mennta- og
menningarmálaráðuneytis

5/31/2010



EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT	2
INNGANGUR	2
MARKMIÐ	2
HUGMYNDAFRÆÐI	3
LÝSING Á VERKEFNINU	3
VERKASKIPTING	3
HÖNNUN HEIMASÍÐU	3
<i>Útlit heimasíðu</i>	4
<i>Uppsetning heimasíðu</i>	4
<i>Vefumsýslukerfi</i>	5
UNDIRBÚNINGUR VERKEFNA	6
REKSTRARKOSTNAÐUR	6
NIÐURSTÖÐUR	7
MAT OG ÁHRIF VERKEFNISINS	7



Samantekt

Langholtsskóli.

Verkefnið „Heimasíða útikennslu“ (Upphoflega „Heimasíða útikennslu og námsmats“).

Verkefnastjóri; Dögg Lára Sigurgeirs dóttir.

Upphoflega átti vinna við þróunarverkefnið að snúast um heimasíðu með verkefnabanka af útikennsluverkefnum og hugmyndum að námsmati. Í verkefnið réðust 5 kennarar sem skiptu með sér verkefnum í tengslum við sitt sérsvið. Tveir aðilar sérhæfðu sig í upisetningu heimasíðunnar sjálfrar, aðrir tveir aðilar í að undirbúa öll þau verkefni sem til eru fyrir útgáfu á vefnum og að lokum einn aðili sem sæi um námsmat í tengslum við útikennsluverkefnin. Sá aðili er ætlaði sér þátt námsmatsins dró sig út úr verkefninu í upphafi. Ekki gafst tími fyrir hina aðilana að koma sér inn í þá vinnu og býður sá hluti verkefnisins betri tíma. Vinnuheiti verkefnisins breyttist því í „Heimasíða útikennslu.“ Annar aðili var síðar fenginn til að koma að flóknari aðgerðum er tengdust upisetningu heimasíðunnar.

Verkefnið sjálft var tvíþætt þar sem tvønnskonar vinna átti sér stað, annars vegar undirbúningur verkefna fyrir útgáfu á vef og hins vegar upisetning á heimasíðunni sjálfri. Verkaskiptingin var skýr frá upphafi en hópurinn hittist reglulega til að samræma hugmyndir til að halda heildarmyndinni skýrri.

Inngangur

Verkefnið sjálft má rekja til þróunarverkefnisins „Útikennsla í túnfætinum“ sem unnið var á árunum 2007-2009, en verkefnið hlaut styrk frá Þróunarsjóði Menntaráðs á þessum tíma. Á þessum tíma varð til gríðarlegt magn af verkefnum til útikennslu sem gengu á milli kennara innan skólans og festist útikennsla í sessi hjá Langholtsskóla á öllum námsstigum eftir þá vinnu. Vinnu við þróunarverkefnið lauk um vorið 2009 en stöðugt bætast við ný verkefni.

Undanfarin þrjú ár (2007-1010) hefur verið starfrækt útikennsluteymi í Langholtsskóla. Í teyminu eru kennarar sem sýnt hafa útikennslu mikinn áhuga og hefur mikil og góð vinna verið unnin á þessum tíma. Langholtsskóli skartar nú glæsilegum útikennslustofum sem hannaðar hafa verið í samráði við fagaðila á því sviði.

Eftir alla þá vinnu sem unnin hefur verið varðandi útikennslu í Langholtsskóla þótti nauðsynlegt að miðla öllum þeim góðu verkefnum og hugmyndum sem kvíknað hafa á undanförnum árum til allra sem hafa áhuga á að kynna sér útikennslu. Það var samdóma álit stjórnenda og þeirra er komið hafa að vinnu við skipulag og hugmyndafræði útikennslu í Langholtsskóla að útbúa heimasíðu þar sem öll verkefni og hugmyndir að verkefnum verði opin fyrir almenningi.

Markmið

Höfuðmarkmið þróunarverkefnisins er að setja upp verkefnin á skipulegan hátt svo auðvelt sé að sækja sér efni tengd útikennslu, skoða skýra verkefnislýsingu og prenta út verkefni fyrir nemendur.

Að allir grunnskólar á landinu hafi aðgang að efni heimasíðunnar og geti kynnt sér framkvæmd allra verkefnanna.

Að lokum er mikilvægt að festa útikennslu í sessi í almennri kennslu og auka útiveru og umhverfisvitund nemenda og kennara.



Hugmyndafræði

Í skólaumræðunni í dag hefur kennsluaðferðin “útikennsla” fengið aukinn sess í kennslu nemenda í íslenskum grunnskólum og leikskólum undanfarin ár, þó svo að útikennsla hafi löngum tíðkast í kennslu. Hugmyndafræðin að baki útikennslu er m.a. að þjálfa nemendur í að njóta útiveru og bera virðingu fyrir umhverfi sínu með því að nýta sér nærumhverfi skólans.

Framboð á námsefni hefur með tilkomu veraldarvefsins aukist til muna þar sem kennrar geta víða leitað fanga er tengjast þeirra sviði. Þó svo að framboðið aukist stöðugt getur það reynst erfitt að velja úr það efni sem þykir við hæfi hverju sinni. Þónokkrir námsvefir hafa litið dagsins ljós þar sem útgefið efni er til taks fyrir menntastofnanir sem og aðra. Hugmyndafræðin að baki verkefnisins “Heimasíða útikennslu” er að gefa út öll þau verkefni sem kennrar hafa lagt vinnu í undanfarin ár og bjóða öllum þeim er áhuga hafa frjálsan aðgang að verkefnunum. Við gerð heimasíðunnar var þess gætt að heimasíðan birtist þeim er “leita” að efni tengdu útikennslu á vefnum með fyrirfram athuguðum aðferðum sem vinna með leitarvélum á veraldarvefnum.

Það er von þeirra er standa að verkefninu að heimasíðan muni festa útikennslu betur í sessi í íslenskum skólum með auknu aðgengi fyrir kennara að hugmyndum og verkefnum.

Lýsing á verkefninu

Í upphafi skólaársins 2009 hittist hópur kennara sem hafði hug á að miðla því efni sem varð til eftir þróunarverkefnið “Útikennsla í túnfætinum” og hafa samband við fleiri aðila sem gætu komið að verkefninu. Allir sem rætt var við töku vel í hugmyndina og áður en sótt var um styrk til Sprotasjóðar Mennta- og menningarmálaráðuneytis fór fram verkefnaskipting og gróft vinnuskipulag.

Verkaskipting

Upphaflega töku fimm kennrar úr Langholtskóla þátt í verkefninu “Heimasíða útikennslu og námsmats”. Þetta voru kennararnir Dögg Lára Sigurgeirs dóttir, Guðbjörg Pálsdóttir, Guðlaug Bjarnadóttir, Halldóra Björk Sigurðardóttir og Kolbrún Franklín. Eftir fyrsta fund eftir að staðfest var að verkefnið hefði hlotið styrk frá Sprotasjóði dró Guðbjörg Pálsdóttir sig út úr verkefninu. Hlutverk Guðbjargar hafði verið að safna saman upplýsingum um námsmatsþátt verkefnisins þar sem hún hafði sjálf tekið þátt í þróunarverkefnið “Námsmat í sveigjanlegu skólastarfi” nokkrum árum áður í Langholtskóla. Þar sem Guðbjörg þótti sérfræðingurinn á þessu sviði reyndist það hinum meðlimunum erfitt að feta í hennar fótspor og því var ákveðið að láta þann þátt heimasíðunnar bíða betri tíma. Verkheitið breyttist við þetta í “Heimasíða útikennslu”.

Eftir nokkra fundi þar sem aðaláherslur verkefnisins voru ræddar varð verkaskiptingin skýr þar sem Dögg Lára og Kolbrún töku að sér uppsetningu heimasíðunnar og Guðlaug og Halldóra töku að sér yfirlestur og undirbúning verkefna fyrir heimasíðuna. Björgvin Ívar Guðbrandsson kom síðar að uppsetningu heimasíðunnar.

Hönnun heimasíðu

Langholtskóli skartar í dag góðri heimasíðu með virkri fréttasíðu og almennum upplýsingum um starf skólans. Heimasíða Langholtskóla var sett upp af þeim Björgvin Ívari Guðbrandssyni og Kolbrúnu Franklín og kom Dögg Lára Sigurgeirs dóttir einnig að uppsetningu ákveðinna undirsíðna. Skólanum var skyld að nota vefumsýslukerfið Joomla af Tölvu- og vefþjónustu grunn- og leikskóla



Reykjavíkurborgar við gerð heimasíðu skólans. Þar sem "Heimasíða útikennslu" átti að vera undirvefur frá Langholtskóla var því ráðist í það að nota sama umsýslukerfið fyrir þá vinnu.

Í upphafi verkefnisins fór í gang undirbúningsvinna þar sem kannaðar voru hinarr ymsu heimasíður er tengdust útikennslu. Einnig voru aðrir námsvefur skoðaðir til að sjá hvers konar umhverfi kennarar eru vanir þegar beir leita sér að efni til kennslu. Eftir mikla undirbúningsvinnu var ákveðið að "Heimasíða útikennslu" yrði mjög einfaldur námsvefur þar sem kennarar (og aðrir) geta á einfaldan hátt fengið hugmyndir að verkefnum og prentað þau út. Á heimasíðunni yrðu upplýsingar um útikennslu almennt, upplýsingar um þróunarverkefnið og mikilvægast af öllu verkefnabanki þar sem verkefnin væru flokkuð eftir námsgreinum og námstigum.

Forsíða	Yngsta stig	Miðstig	Unglingadeild	Áhugaverðir tenglar	Útikennsluvefurinn
Útikennsla			Unglingadeild allt		
I Aðalnámskrá grunnskóla 2007 í náttúr að einhverju leyti út fyrir vegg skóla. Útikennsla einskorðast ekki við náttúr námsgreina, fjölgar námsleidum og eyði öll skynfæri til að skynja og uppgötva u félagsvitund sína með því að fara reglu. Auka þol og þrek Nemandinn lærir að: sínu og skóða það í viðara samhengi. I áhrif á umhverfi sitt.	Náttúrufraði	gir meðal annars að "það að flytja kennslu því að vera holt bæði fyrir líkama og sál". Það miklu leyti á samþætingu námslunnar er að : Nemandi þjálfist í að nota óútbúa sig fyrir útiveru. Nemandinn þjálfist staði og menningarvöðburði af ýmsum toga. Horfa, hlusta, lykta og snerta. Berá umhyggju fyrir nánasta umhverfi og umsvifum mannsins á ákveðnum svæðum. Hvernig maðurinn hefur			
30/05/2010 Dógg Lára Sigurgeirs Þórhalla	Íslenska				
	Stærðfræði	Tungumál			
		Íþróttir			
		Landafræði			
		Ratteleikir	0 - Allur réttur áskilinn		
		Heimilisfræði			
		Fjaran			

Útlit heimasíðu

Ákveðið var að efna til samkeppni meðal nemenda í Langholtskóla varðandi hönnun á myndmerki fyrir heimasíðuna. Nemendur tóku vel í hugmyndina og mörg myndmerki bárust og eitt var valið að lokum. Myndmerkið var teiknað af nemanda í 9. bekk og var það svo endurteiknað í tölvuforritinu Flash. Myndmerkið prýðir öll verkefnin á heimasíðunni og er hluti þess notað á heimasíðunni sjálfri.



Útikennsluvefur Langholtskóla

Ákveðið var að litir og form yrðu í lágmarki á síðunni þar sem eftir nokkra umræðu við aðra kennara kom í ljós að þegar þeir leita sér fanga vilji þeir komast að efninu í sem fæstum skrefum án þess að verða fyrir of miklu áreiti í leiðinni.

Uppsetning heimasíðu

Líkt og áður sagði var upphaflega ákveðið að nota vefumsýslukerfið Joomla við gerð heimasíðunnar. Þrátt fyrir að "Heimasíða útikennslu" skyldi vera einfaldur vefur þá lenti hópurinn í stöðugum vandræðum með að stjórna vefumsýslukerfinu til að fá það til að vinna eftir þeirri hugmynd sem var komin. Langir vinnudagar fóru í að átta sig á kerfinu og að lokum var ákveðið að hverfa frá Joomla og



byggja heimasíðuna upp frá grunni með aðstoð Adobe Dreamweaver þar sem auðveldara reyndist að hanna síðuna eftir þeim þörfum sem tengdust verkefninu. Vandamálið var þó að Upplýsingataeknimiðstöð Reykjavíkurborgar (UTM) vill eins og er einungis hýsa vefi grunnskóla Reykjavíkur sem settir eru upp með vefumsýslukerfinu Joomla. Viðræður eru þó enn í gangi þar sem heimasíðan þykir eiga heima sem undirvefur Langholtsskóla. Til að byrja með verður þó hægt að nálgast heimasíðuna með slóðinni <http://www.flat8.co.uk/langholtsskoli/utikennsla>.

Vefumsýslukerfi

Umsýslukerfi var hannað og smíðað fyrir vefinn sem gerir það sérlega aðgengilegt og einfalt að bæta verkefnum við verkefnasafnið, setja inn fréttir og ýmsar aðrar upplýsingar sem þurfa þykir.

Lykilorð verður í höndum þeirra er standa að verkefninu og getur hver og einn bætt við verkefnum og munu þau birtast jafnóðum á heimasíðunni.

Uppfærslukerfi - Útikennsluvefur

Útskráning

Notendanafn: _____
Lykilorð: _____

Submit

© 2010 Langholtsskóli - Allur réttur áskilinn

Öll verkefnin eru vistuð í gagnagrunni (PHP og með umsýslukerfið MyAdmin) og eru kölluð fram á heimasíðuna þaðan. Þetta auðveldar uppsetningu til muna þar sem öll verkefnin munu birtast á sama forminu sem og að auðvelt verður að bæta við verkefnum seinna meir.

Uppfærslukerfi - Útikennsluvefur

Útskráning

Frétt á forsíðu

Sæta inn frétt
Skoða fréttalistu

Skrá verkefni

Hlaða upp pdf skjali
Sæta inn verkefni
Skoða verkefnalista

Skrá verkefni

Namsgrein: Velja stig og námmsgrein

Heiti: _____

Lysing: _____

Á einfaldan hátt má yfirfæra þetta vefumsýslukerfi á aðra námsefnisvefi eða önnur verkefnasöfn þannig að vinna við þetta verkefni ætti að geta nýst vel í framtíðinni að því leyti.



Undirbúninngur verkefna

Í upphafi var öllum þeim útikennsluverkefnum sem til eru á sameign skólans safnað saman. Í um tvö ár hafa kennarar safnað saman þeim verkefnum sem þeir hafa búið til og notað í sinni kennslu og vistað á sameign skólans. Farið var yfir þessi verkefni og þau samræmd varðandi stærð og letur auk þess sem öll uppsetning var samræmd ásamt haus og merki verkefnisins. Öll verkefni voru flokkuð eftir námsgreinum og uppsetning var fyrir kennara þar sem lýsing á verkefninu og aðrar upplýsingar koma fram og hins vegar fyrir nemendur en þar er verkefnablaðið sjálf tilbúið til notkunar.

Markmið aðalnámsskrár voru höfð að leiðarljósi við gerð verkefna. En þar kemur fram meðal annars að “það að flytja kennslu að einhverju leyti út fyrir veggi skólans, auðgi og styrki allt nám ásamt því að vera holtt bæði fyrir líkama og sál”. Samþætting námsgreina er mikil í útikennslu og eru öll verkefni okkar miðuð að þeim þáttum eins og sjá má dæmi um hér að neðan.

Stærðfræði	mælingar, talning, mynstur
Íslenska	lestur, tjáning, orðaforði, hlustun
Kristinfræði	samheldni, tillitsemi, kirkju
Samfélagsfræði	samfélagið, heimsóknir á merka staði
Náttúruvísindi	greiningar, áttirnar, veðurfar.
Eðlisvísindi	rannsóknir, ýmsar tilraunir, flóð og fjara
Lífsleikni	félagsvitund
List og verkgreinar	formfræði, byggingarlist, tónlist, hlustun, söngur

Hér að neðan má sjá hvernig verkefni birtast á heimasíðunni. Verkefnið til útprentunar fyrir nemendur er vistað sem pdf skjal.

Útikennsluvefur Langholtsskóla

Forsíða Yngsta stig Miðstig Unglingadeild Áhugaverðir tenglar Útkennsluvefurinn Innskráning

Kvöldfjara
Gengið er í nærliggandi fjöru að kvöldlagi. Upplagt að hafa slika kvöldstund með foreldrum og þá hittast í ákveðinni fjöru. Tekð er með nesti og nemendur verða að vera vel búin og klæddir eftir veðri. Verkefnið tekur um eina kennslustund. Hver nemandi fær verkefnablað.

Makmið
Að nemendur átti sig á mun á fjóð og fjöru. Læri að lesa á hitamæli og bera virðingu fyrir umhverfi sínu og dýralif í fjörunni. Að nemendur skoði umhverfi fjörunnar að kvöldlagi.

Áhöld
Fötur til að setja sjó í, hitamælir, verkefnablöð og blýantur.

Yngsta stig - Fjaran
MYND

Sækja verkefnið sem pdf

Rekstrarkostnaður

Þeir kennarar eru komu að verkefninu funduðu reglulega yfir tímabilið frá byrjun október 2009 til-loka maí 2010. Vinna við verkefnið er sem hér segir:



Fundir	15 stundir x 4 = 60 stundir
Undirbúnin gur verkefna	15 stundir x 2 = 30 stundir
Undirbúnin gur við hönnun heimasíðu	15 stundir x 2 = 30 stundir
Vinna við Joomla kerfið	10 stundir x 3 = 30 stundir
Vinna við uppsetningu heimasíðu	30 stundir x 2 = 60 stundir
Efni inn á vefinn	15 stundir x 1 = 15 stundir
Lokaskýrsla	20 stundir

Laun þeirra er komu að verkefninu reiknast út frá yfirvinnutaxta þeirra samkvæmt kjarasamningi kennara. Annar kostnaður sem fellur við vegna verkefnisins er hýsing á heimasíðunni og lén en sá þáttur er enn á viðræðustigi við Upplýsingatæknimiðstöð Reykjavíkur.

Niðurstöður

Það er mat þeirra er standa að verkefninu „Heimasíða útikennslu“ að brýn þörf hafi verið á slíkri heimasíðu vegna aukinnar áherslu á útikennslu í skólum landsins. Í upphafi var lagt upp með að hafa heimasíðuna einfalda og verkefnin aðgengileg fyrir alla sem áhuga hafa á efninu.

Heimasíða útikennslu er nú komin út á vefinn með góðan verkefnabanka og er aðgengileg öllum, en það er mat þeirra er prófað hafa að leita sér fanga á síðunni að hún sé einföld og aðgengileg. Þetta voru þau markmið er hópurinn setti sér í upphafi og þykist því vel hafa tekist til. Þó svo að lokaskýrslu fyrir verkefnið hafi verið skilað og heimasíðunni komið upp er áframhaldandi vinna enn í gangi svo lengi sem kennrarar fá hugmyndir að nýjum verkefnum til útikennslu. Vegna þeirrar hugmyndar að búa til umsýslukerfi fyrir heimasíðuna mun það auðvelda fleirum kennurum að setja inn verkefni þar sem uppsetning er stöðluð og þarf einungis að fylla út í ákveðna reiti til að koma verkefninu á sinn stað, þó svo að lykilorð sé í höndum þeirra aðila er standa að verkefninu. Þetta þýðir að heimasíðan verður lifandi síða þar sem ný verkefni bætast vonandi við reglulega.

Eins og áður sagði þá fór mikill tími í upphafi í að reyna að setja síðuna upp í því vefumsýslukerfi sem UTM gerir að kröfu að skólar Reykjavíkur noti og var fimmti aðilinn ráðinn til að aðstoða við þá vinnu. Sökum þessa gafst ekki tími til að vinna að námsmatshluta verkefnisins þar sem sá aðili er ætlaði sér þá vinnu dró sig út úr verkefninu. Að lokum var ákveðið að hanna og smíða sérstakt umsýslukerfi fyrir vefinn sem gaf frjálsari hendur við alla hönnun. Það má því segja að sá tími sem ætlaður var í hönnun heimasíðu hafi aukist töluvert en þar sem þáttur námsmatsins datt út ásamt einum aðila má segja að það vinnumagn sem hvarf með því starfi hafi komið tilbaka með fimmta aðilanum er stýrði uppsetningu heimasíðunnar með nýja vefumsýslukerfinu. Stóri kosturinn við þetta er þó að hægt er að endurnýta umsýslukerfið fyrir önnur verkefnasöfn, auk þess sem mun einfaldara er að uppfæra og bæta við þennan vef.

Mat og áhrif verkefnisins

Endanlegt mat á „Heimasíðu útikennslu“ fer fram þegar lengra líður á þann tíma sem síðan hefur verið uppi. Erfitt er að gera sér grein fyrir áhrifum verkefnisins fyrr enn reynt hefur á heimasíðuna og umræður byrja að skapast. Næstkomandi haust (2010) mun hópurinn láta Námsgagnastofnun vita af heimasíðunni og biðja þá um að auglýsa síðuna ásamt nýju námsefni fyrir veturinn. Sá hópur er unnið hefur að verkefninu er reiðubúinn að taka við ábendingum varðandi heimasíðuna og bæta við og



breyta ef þurfa þykir, en netfang fyrir ábendingar til þeirra er standa að verkefninu er aðgengilegt á heimasíðunni.

Staður og dagsetning:

R.ort. 16.juni 2016

Undirskrift verkefnisstjóra

Dögg Lara Sigurgeirs Þóttir

Dögg Lara Sigurgeirs Þóttir

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla

Hreiðar Sigtryggsson

Hreiðar Sigtryggsson

